



Ertu tilbúin, frú forseti?

Are you ready,
Madam President?



SÝNINGARLOK NÁLGAST

LEIÐSAGNIR Á SUNNUÐÖGUM Í FEBRÚAR

Sunnudaginn 1. febrúar kl. 14:00 verður Harpa Þórsdóttir forstöðumaður safnsins með leiðsögn um sýninguna *Ertu tilbúin frú forseti?* í Hönnunarsafni Íslands.

Á sýningunni er bæði fatnaður og ýmsir fylgihlutir fyrrum forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur frá embættistíð hennar 1980-1996.

Á 16 ára farsælli forsetatíð sinni ruddi Vigdís ekki aðeins braut kvenna til nýrra metorða í vestrænum samfélögum, heldur stóð hún frammi fyrir því að móta hefð um klæðaburð fyrir konu í slíku embætti. Vigdís var alla tíð mjög eftirsótt og hún þurfti stöðugt að huga að klæðnaði fyrir ólík tækifæri, vinna sem bættist við annan eril í starfi forsetans og aðstoðarfólks hennar.

SÉRLEIÐSAGNIR

Viltu pantast sérleiðsögn fyrir hópinn þinn? Koma með saumaklúbbinn eða fara með starfsfólkið þitt í óvissuferð og koma í leiðsögn? Leiðsagnir eru frábær leið til að njóta sýninga okkar til fulls og njóta mikilla vinsælda.

Hafðu samband við okkur á opunartíma safnsins, s. 512 1525 eða á honnunarsafn@honnunarsafn.is

Safnið er opið um helgar frá kl. 12-17.

Verslunin Kraum á jarðhæð býður fjölbreytt úrval íslenskrar hönnunar og bókaútgáfur Hönnunarsafnsins og tímarit um hönnun fást á góðu verði.

Verið velkomin!

**HÖNNUNARSAFN
ÍSLANDS**
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART

Garðatorg 1
210 Garðabær • Iceland
Tel. (354) 512 1525, 512 1526
honnunarsafn@honnunarsafn.is
www.honnunarsafn.is